



Ministerrådsförslag om Nordplus 2023–2027

1. Samantekt

Nordplus er helsta áætlun Norræna ráðherranefndarinnar í tengslum við samvinnu, samstarfsnet og hreyfanleika á sviði menntamála. Áætlunin byggist á sams konar samstarfi við Eyrstrasaltsríkin. Ráðherranefndartillaga frá Norrænu ráðherranefndinni um menntun og rannsóknir (MR-U) fjallar um nýtt fimm ára áætlunartímabil fyrir Nordplus (2023–2027).

Nordplus samanstendur af fimm undiráætlunum: Nordplus Junior (fyrir leikskóla, grunnskóla, menntaskóla og iðnskóla), Nordplus æðri menntun (fyrir háskóla), Nordplus Vuxen (fyrir fullorðinsfræðslu og alþýðumenntun), Nordplus tungumál Norðurlanda og Nordplus Horizontal (áætlun fyrir samstarfsverkefni á milli menntastofnana á mismunandi stigum, t.d. á milli grunnskóla og háskóla). Nordplus veitir styrki vegna hreyfanleika fyrir bæði nemendur og kennara, til samstarfsneta og til verkefnasamstarfs.

Nordplus er mikilvægt tæki í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við Framtíðarsýn okkar 2030 og mörg af markmiðunum 12 í framkvæmdaáætlun framtíðarsýnarinnar. Einkum stuðlar Nordplus að uppfyllingu markmiða sem varða menntasamstarf og stafvæðingu (markmið 8), samstarf og þróunarvinnu vegna grænna umskipta (markmið 4 og 5, en einnig önnur markmið undir grænum Norðurlöndum) og vinnu í tengslum við félagslega sjálfbær Norðurlönd og þátttöku, inngildingu og sameiginlegt málsamfélag (markmið 9–12).

Áætlunarskjal Nordplus 2023–2027 kveður á um umgjörð og almennar reglur áætlunarinnar.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin (UKK) hefur fengið drög að nýju áætlunarskjali til umsagnar og voru drögin kynnt og fjallað um þau á fundi nefndarinnar í Malmö 21. mars 2022.

2. Bakgrunnur

Núverandi áætlunartímabili Nordplus lýkur við árslok 2022.

Með hliðsjón af vinnu við nýtt áætlunartímabil fyrir Nordplus var óskað eftir ytri úttekt á Nordplus og var hún gerð á tímabilinu 2020–2021.

Úttektin miðaði sérstaklega að því að skoða hve vel hefur tekist til að mæta óskum og



Þörfum helstu markhópa í menntakerfinu á Norðurlöndum og baltnesku löndunum í heild. Jafnframt var skoðað hversu vel þemabundin „highlights“ hafa gefist, hvernig Nordplus hefur stuðlað að myndun samstarfsneta og nýsköpun innan menntageirans og kunnáttu í norrænum tungumálum eflingu stafvæðingar. Úttektaraðilinn var einnig beðinn um að koma með tillögur um þróun áætlunarinnar í ljósi breytinga á starfsumhverfi.

Helsta niðurstaða úttektarinnar er að Nordplus sé áætlun sem virki vel og hafi gildi í sjálfri sér sem svæðisbundið tæki fyrir hreyfanleika, menntasamstarf á milli stofnana og svæðisbundna samstöðu innan Norðurlanda og Eystrasaltslandanna. Helstu notendahópar upplifa áætlunina sem einfalda og aðgengilega. Að mati þátttökustofnananna stuðla þau verkefni sem unnin eru innan Nordplus að nýsköpun og gæðapróun. Samstarf á milli samtaka er mikilvægur hluti af Nordplus. Þróunarstarf í tengslum við upplýsinga- og samskiptastarf, tölfræði og „highlights“ hefur borið árangur en ávallt er þó rými til frekari bætinga.

3. Tillaga

Með hliðsjón af niðurstöðu úttektarinnar og samráðs EK-U við fulltrúa menntamálaráðherra Eystrasaltsríkjanna, umsýsluaðila Nordplus og áætlunarnefnd Nordplus auk norrænu þekkingar- menningarnefndarinnar fyrir hönd Norðurlandaráðs er mikill stuðningur við að halda áfram með núverandi áætlun og fyrirkomulag.

Lagðar eru til breytingar í nýju og endurskoðuðu áætlunarskjali, einkum í því augnamiði að vekja athygli á framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar og breytingum á starfsumhverfi (frekari einfaldanir, þörf á rafrænu samstarfi og sjálfbærnisjónarmið í alþjóðlegu samstarfi o.fl.). Einnig er lagt til nýtt markmið fyrir Nordplus tungumál Norðurlanda varðandi möguleika á samstarfsverkefnum í tengslum við minnihlutatungumál á Norðurlöndum.

Þar sem væntanlegt áætlunartímabil nær lengra en núgildandi framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar verður tryggt að áætlunarskjalið samræmist fyrirætlunum í þeirri framkvæmdaáætlun sem vænta má að taki við af þeirri sem nú gildir þegar hún fellur úr gildi í árslok 2024.

Jafnframt verða gerðar minni háttar stjórnsýslulegar breytingar í Nordplus-handbókinni sem er í eigu áætlunarnefndar Nordplus og er útbúin af umsýslunaraðila Nordplus.

4. Mat á áhrifum á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun

Nordplus styrkir verkefni, samstarfsnet og hreyfanleika á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Á hverju ári fá um 2000 menntastofnanir og um það bil 9000 skiptiverkefni styrki (undantekning var sá tími sem faraldurinn geisaði). Um er að ræða bekkjaheimsóknir og kennaraskipti á milli leikskóla, grunnskóla og menntaskóla og nemenda- og kennaraskipti á milli iðnskóla, háskóla og stofnan á sviði



fullorðinsfræðslu og alþýðumenntunar, þ.m.t. lýðháskóla. Víðtæk samskipti og virkt hlutverk þeirra nemenda sem taka þátt í verkefnum stuðlar að jafnræði og jafnrétti í þeim verkefnum sem framkvæmd eru.

Í endurskoðuðu áætlunarskjali hefur verið bætt við sérstökum lýsingum varðandi sjálfbæra þróun og hvernig nálgast beri hana innan Nordplus framvegis. Á árunum 2021–2022 hefur Nordplus haft græn umskipti sem „highlight“ í styrkauglýsingum sínum. Árangri þessara verkefna og aðgerða verður fylgt eftir á árinu 2023.

5. Samstarf/skipulag

Eignarhald, stjórnun og umsýsla Nordplus haldist óbreytt. Fyrirkomulaginu er lýst í 5. lið áætlunarskjals Nordplus.

6. Fjárhagsáætlun/áhrif á fjárveitingar

Kveðið er á um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen í Áætlun um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen frá 2014 (Guidelines for the Nordic Council of Ministers' co-operation with Estonia, Latvia and Lithuania from 2014).

Fyrirkomulag fjármögnunar Nordplus helst óbreytt á nýju gildistímabili eins og greint er frá í 9. lið áætlunarskjals Nordplus.

Árlegum markmiðum og árangri af Nordplus er lýst í fjárlagalið 2-2513 í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Í ár (2022) fær Nordplus 78.426.005 DKK úr fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Framlög til Eyrstrasaltslandanna nema samtals 5.900.916 DKK.

MR-U/EK-U hefur lagt áherslu á að halda fjármögnun Nordplus innan heildarfjárhagsáætlunar MR-U að svo miklu leyti sem kostur er. Ákvörðun um fjárhagsáætlun er tekin til eins árs í senn.

Nánari upplýsingar:

Nordplus: <https://www.nordplusonline.org/>

Úttekt á Nordplus 2021: <https://www.norden.org/is/node/60016>